



Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Rvík.

Patreksfjörður 21.06.2022

Efni: Ósk um breytingar á lokunarfyrirmælum vegna Vatneyrarhlíð Patreksfirði.

Í tölvupósti þann 25. apríl 2018 og áréttað í bréfi dagsett þann 18. sept. sama ár, óskar fyrirrennari minn í starfi Elfar Steinn Karlsson eftir því að krafa um sigmælingar verði endurskoðaðar. Í svari frá umhverfisstofnun dags. 16. okt. 2018 kemur fram að hægt sé að óska formlega um breytingar á fyrirmælum með erindi á ust@ust.is

Undanfarin ár hafa gengið erindi milli Vesturbyggðar og Umhverfisstofnunar úttektir þar sem fram koma frávik í eftirliti við lokunarfyrirmæli Vatneyrarhlíðar Patreksfirði. Frávik þessi falla meðal annars að fyrirmælum um gr. 1.7 Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig): árleg mæling.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að mælingar á sigi í landi séu til frá upphafi fyrirmæla lokunnar, því vakna efasemdir um að marktæk niðurstaða mælinga frá upphafi gefi nú rétta mynd af sigi, ef til staðar er. Sá ávinningur sem felist í því að fara nú af stað með mælingar á sigi er því óljós, ef ekki er til staðfestur grunnur að mælingum sem styðjast megi við sem fyrstu mælingar.

Í ljósi þess að mælingar frá upphafi finnast ekki og eru líklega ekki til, er óskað eftir að sá liður sem fellur að mælingum á sigi í landi í Vatneyrarhlíðum í samræmi við „Fyrirmæli um frágang og vöktun“ lið 1.7 gr 1. Verði endurskoðuð og fjarlægð úr fyrirmælum vöktunar. Jafnframt er óskað eftir, að upplýst verði ef áframhaldandi mælinga er krafist um mælingar, hver ávinningur er af þeim mælingum ?

Virðingarfyllst.

Geir Gestsson Sviðsstjóri
Umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar